

Samkomulag
Slökkviliðs Akraness og Hvalfjarðarsveitar og
Björgunarfélags Akraness vegna Dróna

Almennt

Slökkvilið Akraness og Hvalfjarðarsveitar (hér eftir nefnt SAH) og Björgunarfélag Akraness (hér eftir nefnt BA) gera með sér svohljóðandi samkomulag um sameiginleg kaup á DJI MATRICE 300 RTK dróna ásamt fylgihlutum og aðstoð BA við SAH vegna notkunar hans á starfssvæði SAH. Samkomulagið vísar í viljayfirlýsingu beggja aðila frá 21. Mars 2006 um að efla samstarf og sameiginlega nýtnu á ýmsum tækjum og búnaði og gagnkvæma aðstoð milli aðila. SAH leggur til kaupanna styrk upp á kr. 1.700.000 kr.

Ábyrgð og stjórnun

SAH fer með stjórnun aðgerða á vettvangi. Slökkviliðsstjóri SAH eða staðgengill hans ákveður hverju sinni hvort óska eigi eftir aðstoð BA vegna dróna. Boðun BA skal fara fram í gegnum neyðarlínu.

Útkallseining BA eru SAH til aðstoðar og starfa undir þeirra stjórn. Öll samskipti við utanaðkomandi aðila, s.s. löggæslulið, opinbera eftirlitsaðila og fjölmiðla, vegna aðgerða á vettvangi eru á ábyrgð slökkviliðsstjóra SAH.

Komi til aðgerða sem fela í sér kostnað vegna þeirra fer SAH með ákvörðunarvald og ber eitt ábyrgð á greiðslu alls þess kostnaðar sem af útkalli kann að verða.

Kostnaður vegna aðstoðar

BA leggur til mannskap til að stýra dróna og farartæki til að koma sér á vettvang án endurgjalds fyrir SAH.

Aðbúnaður vettvangseiningar BA

SAH tryggir aðstöðu, fæði og hvíldaraðstöðu (gistingu) fyrir starfsmenn BA þegar vinna vegna útkalla dregst á langinn.

Samkomulagstími

Samkomulag þetta er ótímabundið og eru gerð tvö samhljóða frumrit, sitt handa hvorum aðila. Rísi ágreiningur skulu aðilar tilnefna sameiginlegan aðila til að koma á sáttum.

10. Nóvember 2022.

Formaður BA
Sigurður Axel Axelsson.

Slökkviliðsstjóri SAH
Jens Heiðar Ragnarsson